

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí.

Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun áður en þær taka gildi.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Breytingar til hækkunar gjaldskrár þessarar eru háðar heimild iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 312 10. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 8. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 383.

10. ágúst 1975.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

I. KAFLI

RAFORKUSALA

1. Almenn notkun.

Rafveita Akraness selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1. Til lýsingar:

Um kWst.-mæli á kr. 9.25 hverja kWst. auk fastagjalds er reiknast þannig:

Kr. 15.18 á mánuði af hverjum m² gólfflatar, er lýsa skal. Þó skal aðeins reikna helming gólfflatar til gjalda í göngum og geymslum o. þ. h. Einnig í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn. Ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.

B.1. Til heimilisnotkunar:

Um kWst.-mæli kr. 7.85 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 66.33 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.

C.1. Til véla:

Um kWst.-mæli kr. 9.25 hverja kWst. auk fastagjalds, er reiknast þannig:

Kr. 196.10 á mánuði fyrir hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum barna og í gisti- og veitingahúsum.

Um kWst.-mæli án fastagjalds, þannig:

A.2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verður felld undir aðra liði gjaldskrárinnar:

Kr. 37.60 fyrir hverja kWst.

B.2. Til véla og vinnulagna í byggingum í smíðum og til véla við Akranesshöfn:

Kr. 19.60 fyrir hverja kWst.

Eftir þessum lið má einnig selja raforku til skipa við Akranesshöfn. Gjald miðast við hverja byrjaða tólf tíma og allt að 40% af ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×35 A og 3×63 A. 220 V.

C.2. Til véla í matvælaíðnaði:

Kr. 6.95 fyrir hverja kWst., enda sé uppsett rafafli fastra véla yfir 40 kW og árlegur nýtingartími vélanna eigi skemmri en 1200 kWst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að $1\frac{1}{2}$ klst. á dag um hádegið á tíma mesta álags. Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til rafsúðu málma.

E.2. Til gatna- og hafnarlýsingar:

Samkvæmt árlegri ákvörðun bæjarstjórnar Akraness, og kosti rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Um mestaálagsmæli þannig:

A.3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW afl, sem mesta ársálag:

Kr. 9 030.00 fyrir hvert kW mesta álags á árinu og kr. 2.68 fyrir hverja kWst.

II. KAFLI HITANOTKUN

Um kWst.-mæli á:

D.1. Kr. 5.13 hver kWst. án rofs.

D.2. Kr. 3.10 hver kWst. með allt að $1\frac{1}{2}$ klst. rofi á sólarhring.

D.3. Kr. 2.88 hver kWst með allt að $2\frac{1}{2}$ klst. rofi á sólarhring.

D.4. Kr. 2.30 hver kWst. með allt að $4\frac{1}{2}$ klst. rofi á sólarhring.

D.5. Kr. 1.63 hver kWst. með allt að $14\frac{1}{2}$ klst. rofi á sólarhring.

D.6. Kr. 1.89 hver kWst. ef notkun fer fram eingöngu á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring. Einnig má selja eftir þessum taxta orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

Eftir taxta D.3. má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í $14\frac{1}{2}$ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

Gjaldið breytist með útsöluverði á dísilolíu í Reykjavík á hverjum tíma og miðast hér við grunnverð kr. 16.25 á olíulítra. kWst. gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Sala til hitanotkunar er háð nánari ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsnotkunar) að dómi rafveitustjóra.

b. Að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álag að dómi rafveitustjóra.

c. Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu, að dómi rafveitustjóra og rafveitunefndar:

Notendur rafhita skulu fá skrifleg leyfi (hitaleyfi) fyrir slíkri notkun. Þar skal greint frá hve mikið afl er heimilt að setja upp og hvaða gjaldalið skuli greitt eftir. Ef tvö ár eru liðin frá útgáfu slíks leyfis, en notkun ekki hafin, skal leyfið endurnýjað. Sé það ekki gert, fellur leyfið úr gildi.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

d. Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum samkvæmt 2. kafla.

e. Að tæki, lagningar og allur búnaður í sambandi við rafhitunina sé samkvæmt fyrir-mælum rafveitunnar og settum reglum. M. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, hitastillar notaðir.

f. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er þó notkun samkvæmt taxta D.1. Ef notkun er minni en 6000 kWst. á ári, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. notkun eða færa notkunina yfir á taxta D.1.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti.

III. KAFLI MÆLA- OG ROFALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum samkvæmt eftirfarandi:

- | | |
|--|------------------|
| 1. Af einfasa kWst.-mæli, allt að 30 amp. | kr. 24.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa kWst.-mæli, 50 amp. og minni | — 28.00 - — |
| 3. Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 50 amp. til 200 amp. | — 117.00 - — |
| 4. Af þrífasa kWst.-mæli, yfir 200 amp. | — 174.00 - — |

Af klukkurofum skal notandinn greiða leigu sem hér segir:

- | | |
|---|-------------------|
| 1. Af ein- eða tvíþóla kl.rofa 40 amp. og minni | kr. 150.00 á mán. |
| 2. Af þríþóla kl.rofa 60 amp. og minni | — 190.00 - — |
| 3. Af þríþóla kl.rofa yfir 60 amp. til 200 amp. | — 240.00 - — |
| 4. Af þríþóla kl.rofa yfir 200 amp. | — 305.00 - — |
| 5. Af fjarstýrandi klukkurofa | — 50.00 - — |

Af öðrum mælitækjum og rofum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal árleigan vera sem næst 20% af verði tækisins. Leiguna skal innheimta um leið og gjald fyrir raforkuna.

IV. KAFLI TENGGJÖLD

(Heimtaugargjöld)

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald, sem hér segir:

Gjaldskrárliður Nr.	Málstraumur stofnvara		Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara kVA	Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m eða lofth. allt að 30 m kr.
	220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.		
1.1	2 × 60	1 × 60	13	20 133.00
1.2	3 × 60	2 × 60	22	28 296.00
1.3	3 × 100	3 × 60	38	40 583.00
1.4		3 × 100	66	66 834.00
1.5	3 × 200		76	76 028.00
1.6	3 × 350	3 × 200	132	124 707.00
1.7		3 × 350	231	213 108.00

Fyrir vinnuheimtaugar fyrir hús í byggingu á skipulögðum svæðum skal greiða kr. 7 350.00. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varakassa. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (1760 + 13 \times \text{kVA})$ kr. m. Yfirlengd loftlínu reiknast á

hvern metra umfram fyrstu 30 metrana þannig: $Y1 = (288 + 9 \times \text{kVA kr. m. að viðbættum kr. 14 813.00 á hvern stólpa í umframlinu.}$

Tengigjöld miðuð við stærð spenna.

Gjaldskrárliður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
2.1	150	141 498.00
2.2	300	282 995.00
2.3	500	449 913.00
2.4	750	668 280.00

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir, að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá. Þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akranesskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði skv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

V. KAFLI

OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, kr. 1 300.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 1 300.00 króna gjald í skrifstofu rafveitunnar.

Í framangreindu verði er innifalinn 20% söluskattur, nema í kafla 2, sölu til hita-notkunar, en á þá sölu er ekki lagður söluskattur. Á 1. kafla gjaldskrárinnar er einnig lagt 13% verðjöfnunargjald.

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun, þó aðeins að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. september 1975, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá nr. 247 29. maí 1975 úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.